

Nd.

607. Nefndarálit

[222. mál]

um frv. til laga um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á fundum sínum, kvatt til viðtals landnámsstjóra og fleiri og sent málið Búnaðarþingi til umsagnar. Mælir Búnaðarþing með samþykkt frumvarpsins með nokkrum breytingum. Er álitserð þess prentuð hér með sem fylgiskjal.

Nefndin varð ásátt um að leggja til, að frumvarpið verði samþykkt, en flytur nokkrar breytingartillögur við það á sérstöku þingskjali. Verður gerð nánari grein fyrir þeim í framsögu.

Nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur við frumvarpið eða fylgja öðrum, er fram kunna að koma.

Einn nefndarmanna, Eðvarð Sigurðsson, var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 20. marz 1971.

Bjartmar Guðmundsson,
form.
Jónas Pétursson.

Pálmi Jónsson,
fundaskr.
Benedikt Gröndal.

Vilhjálmur Hjálmarsson,
frsm.
Stefán Valgeirsson,
með fyrirvara.

Fylgiskjal.

Ályktun Búnaðarþings.

Búnaðarþing mælir með eftir atvikum við Alþingi, að frumvarp til laga um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum verði samþykkt með eftirtöldum breytingum:

1. Framlag til íbúðarbygginga í sveitum hækki, svo það verði hlutfallslega svipuð fjárhæð miðað við byggingarkostnað, eins og það var ákveðið í lögum nr. 75 1962.
2. Fjárframlög samkvæmt 62. grein frumvarpsins breytist árlega samkvæmt byggingarvísitölu.
3. Ákvæði 60. greinar frumvarpsins um rétt til stofnfjárframlags til grænifóðurverksmiðja, sem byggðar verða, nái bæði til félagsamtaka og einstakra bænda.
4. Lágmarksbústærð til þátttöku í félagsbúi miðist við $\frac{1}{2}$ vísitölubú í stað $\frac{3}{4}$, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir samkvæmt 49. grein.
5. Ákveðið verði, að 5% af framlagi til ræktunar samkvæmt 4. tölulið 62. greinar gangi til viðkomandi búnaðarsambands.

Greinargerð.

Jarðræktarnefnd hefur á fundum sínum kannað frumvarp til laga um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum og rætt við ýmsa þá aðila, sem að samningi frumvarpsins hafa unnið. Efnislega telur nefndin, að frumvarpið sé til bóta og feli í sér þýðingarmikil ákvæði, sem ætla má að verði til eflingar landbúnaðinum. Breytingartillögur nefndarinnar miða meðal annars að því, að framlag til íbúðarhúsabygginga í sveitum verði nú hið sama miðað við verðlag og byggingarkostnað, eins og það var við setningu laganna 1962. Hlýtur sú krafa að teljast eðlileg, þar sem síaukinn kostnaður við byggingar hefur valdið ýmsum bændum verulegum fjárhagserfiðleikum og torveldað eðlilega uppbyggingu. Það fyrirkomulag, sem nú hefur tíðkapt um skeið og gert er ráð fyrir að haldist samkvæmt þessu frumvarpi, að Búnaðarfélag Íslands og Landnám ríkisins annist greiðslur út á sömu framkvæmdir í jarðrækt, er óeðlileg tilhögun og veldur auknum kostnaði. Eðlilegra virðist, að Búnaðarfélagi Íslands væri falin greiðsla á öllu framlaginu.

Með tilkomu fleiri grænifóðurverksmiðja, verður samkeppnin á markaðinum harðari. Verksmiðjur, sem byggðar eru upp með opinberu framlagi, hafa af augljósum ástæðum öruggari rekstrargrundvöll. Áform eru um endurbyggingu á verksmiðjunni í Brautarholti. Þykir því eðlilegt, að sú aðstoð, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, nái einnig til þeirrar verksmiðju.